



Framkvæmdarácætlun í málefnum aldraðra 2018-2022

31. maí, 2017



FÉLAGSPJÓNUSTA

SANDGERÐISBÆJAR, SV. GARÐS OG SV. VOGA

Efnisyfirlit

I.	Inngangur	2
II.	Stuðningsþjónusta	2
III.	Hádegismatur	2
IV.	Akstursþjónusta	3
V.	Öryggishnappur	3
VI.	Breytingar á skipuriti félagsstarfi aldraðra	3
VII.	Forvarnir og heilsuefling	4
VIII.	Dagvistun aldraðra	4
IX.	Þjónustuíbúðir	4
X.	Heilbrigðisþjónusta í lögheimilissveitarfélagi	5
XI.	Sambætting stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar	5
XII.	Vinnuhópur um sambættingu þjónustu á milli sveitarfélaga	5
XIII.	Starfsfólk	6

Inngangur

Vinnuhópur um stefnumótun í málefnum aldraðra var skipaður á fundi bæjarráðs Sandgerðisbæjar þann 10. janúar 2017 og á fundi bæjarráðs Sv. Garðs þann 19. janúar 2017. Þá voru einnig samhljóða samþykktar tillögur um sameiginlega vinnu sveitarfélaganna. Var hópnum falið það hlutverk að móta stefnu í málefnum aldraðra til næstu ára. Vinnuhópurinn var skipaður þeim Fríðu Stefánsdóttur og Daða Bergþórssyni fyrir Sandgerðisbæ og þeim Jónínu Magnúsdóttur og Jónínu Holm fyrir Sv. Garð. Með vinnuhópnum starfaði einnig Guðrún Björg Sigurðardóttir, félagsmálastjóri.

Vinnuhópurinn hefur í störfum sínum farið yfir það sem unnið hefur verið í málefnum aldraðra á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Hópurinn setti sér markmið í upphafi vinnunnar að efla og auka þjónustuna til að gera öldruðum kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Sömu leiðis lagði hópurinn áherslu á að þær tillögur sem lagðar eru fram í framkvæmdaráætlun þessari snúi að mestu að ábyrgð sveitarfélaganna og fylgi þannig þessari áætlun eftir.

Stuðningsþjónusta

Markmið: Að einstaklingar geti búið sem lengst á eigin heimilum við andlega-, líkamlega- og félagslega vellíðan.

Framkvæmd: Sveitarfélögin sem standa að þessari framkvæmdaráætlun móta sér reglur um stuðningsþjónustu, sem veitt er samkvæmt mati á þjónustubörf. Þjónustan er veitt alla daga vikunnar frá kl. 08:00 til 24:00 og um nætur sé þess þörf. Reynt verður að samþætta helgar- og næturþjónustu við þá þjónustu sem nú er veitt út frá lögum um málefni fatlaðs fólks. Þá munu sveitarfélögin innleiða Careon heimþjónustu app sem felur í sér rafræna skráningu um stuðningsþjónustu. Óskað verður eftir samstarfi við heimahjúkrun, þjónustupega og ættingja um rafræna skráningu stuðningsþjónustu.

Ábyrgð: Sveitarfélög

Samstarfsaðili: Careon og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og til ársloka 2022 og verður þá endurskoðað.

Kostnaður: Áætlaður kostnaður vegna Careon er um 60.180 kr. á mánuði fyrir sveitarfélögin eða 722.160 kr. á ári.

Mælikvarði: Hlutfall fólks og starfsmanna sem er ánæggt með þjónustuna.

Hádegismatur

Markmið: Að einstaklingar sem ekki eru sjálfir færir um að sinna matarinnkaupum og eldamennsku fái eina næringarríka máltíð á dag. Heimsendur matur mun standa þeim til boða alla daga vikunnar.

Framkvæmd: Sveitarfélögin munu semja við fyrirtæki til þess að sinna framkvæmd þjónustunnar. Tryggja skal hollan og næringarríkan mat á góðu verði.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Fyrirtæki í matvælaíðnaði.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Kostnaðargreina þarf þjónustuna.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánægt með hádegismatinn.

Akstursþjónusta

Markmið: Að einstaklingar sem eru 67 ára og eldri og búa einir, eru bíllausir og geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur og/eða hafa áhyggjur af heilsufari sínu geti fengið akstursþjónustu til að sinna matar-, og/eða lyfjainnkaupum sem og sótt félagsstarf.

Framkvæmd: Sveitarfélögin semja við ferðaþjónustufyrirtæki, bílaleigu, leigubílafyrirtæki eða kaupa bifreið til að sinna þjónustunni. Ef sveitarfélögin kaupa bíl væri hægt að nota hann í önnur verkefni innan sveitarfélaganna t.d. í skammtímavistun Heiðarholti, við útkeyrslu hádegismatar, fyrir félagsstarf aldraðra o.fl.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Fyrirtækin sem sveitarfélögin gera samkomulag við.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Innan ramma fjárhagsáætlunar á tímabilinu 2018-2022.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánægt með akstursþjónustuna.

Öryggishnappur

Markmið: Að einstaklingar sem eru í þörf fyrir öryggishnapp og búsettir í íbúð í eigu sveitarfélaga og/eða húsnæðissamvinnufélaga, njóti sömu réttinda til niðurgreiðslu og aðrir sem búa í eigin húsnæði.

Framkvæmd: Sveitarfélögin setja sér reglur um niðurgreiðslu öryggishnapps.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Fyrirtæki sem sinnir öryggisþjónustu.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Innan ramma fjárhagsáætlunar.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem á rétt á niðurgreiðslu öryggishnapps og er ánægt með þjónustuna.

Breytingar á skipuriti félagsstarf aldraðra

Markmið: Að tryggja andlega-, félagslega-, og líkamlega vellíðan fólks á þriðja aldurskeiðinu.

Framkvæmd: Bæjarstjórar Sandgerðisbæjar og Garðs leggja til að félagsstarf aldraðra sé á ábyrgð frístundafulltrúa Sandgerðis og Garðs.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Frístunda -og forvarnarfulltrúar Sandgerðis og Garðs, félagsþjónusta SGV

og aðrir.

Tímabil: Byrjun árs 2018.

Kostnaður: Engin.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánæggt með félagsstarfið.

Forvarnir og heilsuefning

Markmið: Að koma í veg fyrir sjúkdóma og auka lífsgæði.

Framkvæmd: Lagt er til að gerð verði stefnumótun í forvarnar og heilsuefningu.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Frístunda -og forvarnarfulltrúar Sandgerðis og Garðs, félagsþjónusta SGV, íþróttafélög, heilsugæsla o.fl.

Tímabil: Byrjun árs 2018.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánæggt með þjónustuna.

Dagvistun aldraðra

Markmið: Að einstaklingar sem þurfa umfangsmikla þjónustu í forni eftirlits og umsjá fái viðeigandi þjónustu í nærumhverfi sínu.

Framkvæmd: Sveitarfélögin munu sækja um rekstrarleyfi fyrir dagvist aldraðra sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 eða leita eftir samráði við Reykjanesbæ um dagvistunarpláss á meðan unnið er að framtíðarlausn. Lagt er til að stofnaður sé vinnuhópur um framkvæmdina.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Velferðarráðuneytið.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem nýtir úrræði dagvistunar og er ánæggt með þjónustuna.

Þjónustuíbúðir

Markmið: Að öldruðum standi til boða þjónustuíbúðir. Tekið er mið af húsnæðisáætlun sveitarfélaganna þegar meta á þörf fyrir íbúðir.

Framkvæmd: Sveitarfélögin munu leita eftir samstarfi við sjálfseignar-, leigu- og búseturéttarfélag um uppbyggingu íbúða.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Sjálfseignar-, leigu- og/eða búseturéttarfélag.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er í þörf fyrir þjónustuíbúð og stendur slíkt úrræði til boða.

Heilbrigðisþjónusta í lögheimilissveitarfélagi

Markmið: Að öldruðum standi til boða heilbrigðisþjónusta í lögheimilis sveitarfélagi.

Framkvæmd: Sveitarfélögin munu leita til Heilbrigðisráðherra og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og óska eftir því að læknir og hjúkrunarfræðingur hafi viðveru í sveitarfélögunum. Þá verði einnig óskað eftir því að öldruðum í sveitarfélaginu standi til boða sérstök heilsufarsskoðun 1x á ári.

Ábyrgð: Sveitarfélög og ríki.

Samstarfsaðili: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánægt með þjónustuna.

Sambætting stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar

Markmið: Að auka samvirkni á milli kerfa, skilvirkni, gæði og hagkvæmni þjónustunnar.

Framkvæmd: Sveitarfélögin munu leita til forstöðumanns heimahjúkrunar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja eftir samstarfi. Komi til sambætting stuðningsþjónustu og heimahjúkrunar verður lögð áhersla á að starfsmenn hafi áreiðanlegt og réttmætt mælitæki til að leggja mat á stuðningsþörf umsækjanda.

Ábyrgð: Sveitarfélög og ríki.

Samstarfsaðili: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánægt með þjónustuna.

Vinnuhópur um sambættingu þjónustu á milli sveitarfélaga

Markmið: Að vinna að árangursríkri sambættingu þjónustu á milli sveitarfélaga.

Framkvæmd: Bæjarráð Sandgerðisbæjar og Sv. Garðs skipa í vinnuhópinn um sambættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar að fyrirmynd Reykjavíkurborgar

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, starfsmenn, öldungaráð, þjónustunotendur ofl.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall fólks sem er ánægt með þjónustuna.

Starfsfólk

Markmið: Að þekking, reynsla og ánægja starfsfólks tryggji gæði þjónustunnar sem veitt er.

Framkvæmd: Lögð verður áhersla á símenntun í formi fræðslu og þjálfunar starfsfólks í öldrunarþjónustu.

Ábyrgð: Sveitarfélög. Frístunda- og forvarnarsvið og félagsþjónusta SGV.

Samstarfsaðili: Námsstofnanir.

Tímabil: Verkefnið hefst árið 2018 og stendur til ársloka 2022.

Kostnaður: Ekki vitað.

Mælikvarði: Hlutfall starfsfólks sem er ánæggt í starfi og telur starfið eftirsóknarvert.